




Varðar: Mjólnisholt – framkvæmdaleyfi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. júní 2023 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 1. júní 2023, um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar veitulagna og yfirborðs í Mjólnisholti.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Úr gildandi deiliskipulagi



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er Mjólnisholt staðsett í borgarhluta 3 Hlíðar og tilheyrir annars vegar íbúðarbyggð, ÍB20 Ásholt og hins vegar miðsvæði M1b.

Deiliskipulag: Fyrir svæðið er í gildi deiliskipulag, Hlemmur, samþykkt 19. mars 2020 með síðari breytingum.

Lýsing á framkvæmd


Verkið felur í sér gerð enduruppbyggingu götu með tilheyrandi gangstétt, Mjólnisholts, í samræmi við deiliskipulag, samþykkt 19. mars 2020 með síðari breytingum. Með breytingunum verður gangandi vegfarendum gert hærra undir höfði með breiðari gangstéttum, fækkun bílastæða og meiri gróðri.

Í því felst upprif á malbiki, hellulögn og steyptri stétt auk þess sem gert er ráð fyrir að núverandi gróður viki. Innifalið í verkinu er jarðvinna, endurnýjun niðurfalla, brunna og tenging þeirra, lagning snjóbræðslukerfa, endurnýjun veitulagna og gerð götulýsingar. Í verkinu felst einnig yfirborðsfrágangur með regn- og gróðurbeðum, gróðurveggjum og hjólastæðum. Innifalið í verkinu er einnig upphækkun á gatnamótum við báða enda götunnar með gangbraut.

Umsögn

Erindið er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem um er að ræða endurnýjun vegar og gangstéttar Framkvæmdin telst umfangsmikil með tilheyrandi raski fyrir íbúa og gesti götunnar auk þess að breyta ásýnd hennar og bæta.

Framkvæmdatími: Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka. Framkvæmdasvæðinu er skipt upp í 5 minni framkvæmdasvæði sem um leið skipta framkvæmdinni upp í minni áfanga til að minnka raskið sem framkvæmdin veldur íbúum. Í umsókn er tiltekin framkvæmdaáætlun 15. júní 2023 til 31. október 2023.



Framkvæmd er í samræmi við deiliskipulag og markmiðið um þétta og mannvæna borgarbyggð. Í deiliskipulaginu kemur fram að örvar á uppdrætti sýni mögulega útfærslu á akstursstefnu og eru leiðbeinandi. Eins eru breiddir gatna á uppdrætti leiðbeinandi og gefa til kynna mögulegt umfang gatna að teknu tilliti til allra samgöngumáta. Með framkvæmdinni verður vægi virkra ferðamáta aukið með öruggum leiðum m.a. fyrir gangandi og hjólandi umferð með endurskipulagningu götunnar, fækkun bílastæða, breikkun gangstétta, gerð hjólastæða og uppbrot í yfirborði vegna þverunar. Með framkvæmdinni verður gatan gerð manneskjulegri og fallegri með gerð gróðurbeða, regnbeða og gróðurveggja.

Niðurstaða

Samþykkt er að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd á Mjólnisholti. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 um græna borg og gæði byggðar sem felur í sér þetta, mannvæna og gróðursæla borgarbyggð sem styður við virka og vistvæna ferðamáta með fegrun gatna og bætt aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda. Framkvæmdin er jafnframt í samræmi við gildandi deiliskipulag sem gerir ráð fyrir bætt aðgengi virkra ferðamáta um svæðið, uppbrot í göturýmum og græna ásýnd.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til eins árs frá útgefnum degi í samræmi við framkvæmdaáætlun. En verði á breytingar á áætlun, þ.e. ef framkvæmdir teyfjast að miklu leyti, þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdarleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Taka skal tillit til þess að um íbúðarsvæði er að ræða og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við íbúa götunnar og nærliggjandi svæða þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu truflun og hægt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess. Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflaga um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki ofl. skal framkvæmdaleyfishafi afla framkvæmdaheimildar hjá skrifstofu borgarlands hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri